



## SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
Erindi nr. P 136/729  
komudagur 13.1.2009

Selfossi, 12. janúar 2009  
0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


**Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 187. mál, heildarlög**

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 9. janúar sl., var tekið fyrir bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 11. desember 2008, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 187. mál, heildarlög. Stjórn SASS samþykkti eftirfarandi umsögn:

„Engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið að öðru leyti en því að tryggja þarf öflugri stuðning af hálfu ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga. Eðlilegt er að sá stuðningur miðist við að sveitarfélögin fái virðisaukaskatt endurgreiddan vegna fráveituframkvæmda. Stjórn SASS leggur til að ákvæði þar um verði bætt inn í frumvarpið.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri